

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 39/2024

frá 2. febrúar 2024

um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2303 frá 24. nóvember 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1780 um að taka upp stöðluð eyðublöð fyrir birtingu tilkynninga við opinber innkaup ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/2303 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1986 ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) XVI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XVI. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 6i (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1780):

„, breytt með:

- **32022 R 2303**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2303 frá 24. nóvember 2022 (Stjtið. ESB L 305, 25.11.2022, bls. 12).“

2. Texti liðar 6g (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1986) í XVI. viðauka við EES-samninginn fellur brott.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 305, 25.11.2022, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB 296, 12.11.2015, bls. 1.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/2303, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. febrúar 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.